

Júní fréttablað

Sólarvörn

Ákveðið hefur verið að eiga sólarvörn á öllum deildum, um er að ræða tegundina Evy 50. Ef börnin sýna ofnæmisviðbrögð við þessari sólarvörn, eða ef foreldrar kjósa frekar aðra tegund geta þeir komið með sér vörn fyrir sitt barn. Nauðsynlegt er að foreldrar beri sólarvörn á börnin heima áður en þau koma í leikskólann og svo er borið á þau aftur eftir hádegi í leikskólanum eða eftir þörfum.



Tónlistarskólinn

Í byrjun maí kom Dagur píanókennari með þær Elínu Söru, Jöru Björgu og Júlíu Lis í heimsókn til okkar spiluðu þær allar á píanó. Í maí kom einnig Kristinn gítarkennari með Önnu Laufeyju gítarnemanda í heimsókn til okkar og með þeim í för var Auður Helga. Anna Laufey spilaði á gítar fyrir börn og kennara. Þær Anna Laufey og Auður Helga spiluð svo dúett á gítar og þverflautu. Þetta voru síðustu heimsóknir í bili frá tónlistarskólanum og þökkum við öllum kærlega fyrir sem hafa heimsótt okkur á þessu skólaári.



Vorhátíð

Vorhátíðin var haldin 25. maí, mæting var góð í ágætis veðri. Kanínur, fiskar og lamb voru til sýnis, teymt var undir á hestum og Brunavarnir Árnassýslu komu með bíl sem hægt var að skoða. Boðið var upp á andlitsmálningu sem var mjög vinsæl, í lokin voru grillaðar pylsur og ís á eftir. Foreldrafélagið færði leikskólanum peningagjöf sem nýtt verður til kaupa á íþróttatækjum í salinn, færum við því okkar bestu þakkir.

Aðlögun nýrra nemenda og flutningar

Aðlögun verður með minnsta móti í sumar þar sem fá börn hætta snemma þetta árið. Við munum þó fylla þau pláss sem losna þannig að einhver börn flytja á milli deilda í júní og um mánaðarmótin næstu. Fjögur börn verða tekin inn á Dvergaheima í byrjun júní en helsta aðlögunin og flutningar verða eftir sumarfrí og eitthvað fram á haust.

Unglingar úr vinnuskólanum

Þann 11. júní hefja unglingar úr vinnuskólanum vinnu í Bergheimum en eins og undanfarin sumur gefst unglingum tækifæri að vinna í leikskólanum. Tveir til þrír unglingar verða á hverri deild.

Starfsmannamál

Selma Guðrún og Sunna Ýr eru að hætta hjá okkur í maí, þökkum við þeim kærlega fyrir samvinnuna. Aðalbjörg Ósk mun vinna á Hulduheimum e.h fram að sumarfríi, Jenný Lovísa verður á Álfaheimum frá júní byrjun og fram að sumarfríi og Ásdís Karen verður einn dag í viku eftir hádegi á Ásheimum. Þjóðum við þessar ungu stúlkur velkomnar til okkar.

Grill- og hjóladagur

Grill- og hjóladagur verður fimmtudaginn 6. júní. Þá mega allir koma með hjólin sín og hjálma. Lögreglan kemur í heimsókn ef hún hefur tök á því. Í hádeginu verða svo grillaðar pylsur og borðað úti ef veður er gott.



Lambaferð

Farið var venju samkvæmt í hesthúsin í maí til þess að skoða nýfædd lömb og fleiri dýr. Tommi, Rannveig, Jón Óli og Dagný tóku vel á móti börnunum og þökkum við þeim kærlega fyrir.



Vikan 2. -8. júní

6. júní Grill- og hjóladagur

7. júní söngstund

Vikan 9. -15. júní

10. júní annar í hvítasunnu, leikskóli lokaður

Vikan 16. – 22. júní

17. júní Þjóðhátíðardagur Íslendinga, leikskólinn lokaður

21. júní söngstund

Vikan 23. – 29. júní

28. júní söngstund

Vikan 30. – 6. júlí

5. júlí söngstund

Vikan 7. – 13. júlí

10. júlí sumarfrí hefst

Með sumarkveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri